

Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn

Rekstur á salernisaðstöðu

Október 2016



EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----------|
| EFNISYFIRLIT | I |
| MYNDASKRÁ..... | II |
| TÖFLUSKRÁ..... | II |
| 1 INNGANGUR..... | 1 |
| 2 REKSTUR SALERNISAÐSTÖÐU | 2 |
| 3 NÚVERANDI ÁSTAND OG AÐGERÐIR | 4 |
| 3.1 Undanfarin ár | 4 |
| 3.2 Lög 20/2016 | 5 |
| 3.3 Nýting innviða sem eru til staðar | 6 |
| 4 VEGASALERNI VIÐ ÞJÓÐVEG 1 | 7 |
| 5 VATNSSALERNI EÐA ÞURRSALERNI | 8 |
| 6 SAMANTEKT OG UMFJÖLLUN | 10 |
| 7 HEIMILDIR | 11 |

MYNDASKRÁ

| | |
|---|---|
| Mynd 1: Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum að degi til um sumar. | 3 |
| Mynd 2: Söfn og setur á skrá hjá Ferðamálastofu, alls yfir 200 talsins. Tölustafir tákna fjölda safna og setra á sama stað. Mynd fengin af vef Ferðamálastofu..... | 6 |
| Mynd 3: Dæmi um útfærslu á þurrsalerni. | 8 |

TÖFLUSKRÁ

| | |
|--|---|
| Tafla 1: Reynslutölur til viðmiðunar um rekstrarkostnað salerna á ferðamannastöðum. Fjölsóttir (>100.000 gestir) og minna sóttir (<100.000 gestir) ferðamannastaðir. | 2 |
| Tafla 2: Kostir og gallar þess kerfis sem verið hefur við lýði. | 4 |
| Tafla 3: Kostir og gallar þess að nýta innviði sem eru til staðar. | 7 |

1 INNGANGUR

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi og innviðir ferðaþjónustunnar afar mikilvægur þáttur í þjónustu við ferðamenn. Ein af meginstöðum ferðaþjónustu eru samgöngur á milli staða og aðgengi að vinsælum áfangastöðum. Með ferðaþjónustu fylgir að sinna allri þjónustu við ferðamenn og koma til móst við allar þarfir og kröfur þeirra. Hluti af ferðaþjónustu er því að sinna þörfum ferðamanna hvað varðar aðgengi að salernum bæði á ferð um landið og þegar staldrað er við á áfangastöðum/ferðamannastöðum. Víða er aðgengi ferðamanna að salernisaðstöðu takmarkað og mörg af þeim salernum sem ferðamenn nota á leið sinni um landið er að finna á þjónustustöðum svo sem matsölustöðum, söluturnum og gistiheimilum o.fl. auk ferðamannastaða. Ekki er hægt að skilgreina salerni á þess háttar þjónustueiningum sem almenningsalerni, þar sem salerni á þjónustustöðum eru til að þjónusta viðskiptavina þeirra rekstrareininga sem þar er í boði. Salerni á ferðamannastöðum eru hinsvegar öllum opin sem viðkomandi ferðamannastað sækja og eru sum hver opin þar allan sólarhringinn. Þjónustustaðir eru hinsvegar opnir til að veita sína þjónustu á skilgreindum opnunartímum og eru yfirleitt lokaðir um kvöld og nætur, og einnig getur opnunartími þeirra verið árstíðabundinn. Það má því segja að einu almenningsalernin sem opin eru almenningi, óháð því hvort þjónusta er keypt á þeim stað, eru á nokkrum ferðamannastöðum um landið. Ef horft er til eðlilegrar þarfar hvers heilbrigðs einstaklings að þurfa að komast á klósett á um það bil þriggja tíma fresti er ljóst að bæta þarf aðgengi almennings að almenningsalernum árið um kring við þjóðvegi landsins og á ferðamannastöðum.

Reynsla ferðaþjónustunnar undanfarin ár hefur sýnt að hinn hraði og mikli vöxtur í fjölda ferðamanna kallar á skjótar aðgerðir á vissum sviðum. Þar á meðal þykir orðið brýnt að bæta salernisaðstöðu fyrir ferðamenn víða um land, bæði í þéttbýli og á fjölmönnum ferðamannastöðum.

Stjórnstöð ferðamála óskaði eftir ráðgjöf EFLU varðandi umfang á þörf á salernisaðstöðu um landið og forgangsröðun staða þar sem nauðsynlegt þykir að fjölga salernum fyrir ferðamenn til að geta með betri hætti tekið á móti þeim mikla fjölda ferðamanna sem búist er við á komandi árum. Ljóst er að mismunandi staða innviða, umfang ferðaþjónustu og skipulagsmála á hverjum stað og mismunandi eignarhald á ferðamannastöðum og landi þar við kallar á sérstaka nálgun fyrir hvern stað. Þar af leiðandi er ekki raunhæft að ætla að leysa þennan vanda fyrir allt landið í einum áfanga en vinna EFLU miðar að því að hægt sé að forgangsráða þeim stöðum á landinu þar sem mikilvægast þykir að fjölga salernum. Þannig verði lögð áherslu á að bæta salernisaðstöðu á völdum stöðum sem fyrst þar sem skipulagsmál og eignarhald heimila skjótar aðgerðir og eða innviðir og ferðaþjónusta heimilar sértækar aðgerðir.

Þetta er þriðja áfangaskýrslan er varðar salernisaðgengi ferðamanna um landið en verkefninu er skipt upp í eftirfarandi áfanga;

- Ástandsgreining: Greining á stöðu salernismála á ferðamannastöðum og aðgengi að salernum meðfram þjóðvegi 1.
- Þarfagreining: Forgangsröðun ferðamannastaða, fjöldi salerna sem þarf á hverjum stað og kostnaðarmat.
- Rekstrarform: Rekstur salerna á ferðamannastöðum og meðfram þjóðvegi 1. Athugun á hvort mögulegt er að nýta núverandi mannvirki (skóla, félagsheimili, söfn o.s.frv.) á vandamálasvæðum til að bjóða upp á salernisaðstöðu fyrir ferðamenn.

2 Rekstur salernisaðstöðu

Í fyrri áfangaskýrslum hefur verið farið yfir stöðu salernismála á ferðamannastöðum um allt land, hvar aðstöðu þurfi helst að bæta og hve mikill fjöldi salerna sé nauðsynlegur á helstu stöðum (EFLA, 2016a) (EFLA, 2016b). Uppbygging almenningsalernisaðstöðu er þó aðeins hluti þess verkefnis sem á eftir að leysa, rekstur á salernisaðstöðu er kostnaðarsamur og hingað til hafa fáir viljað bjóða slíka þjónustu nema af illri nauðsyn og þá oftast í tengslum við eigin þjónustu.

Í nýlegri skýrslu um almenningsalerni í Reykjavíkurborg sem unnin var fyrir Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar kemur fram að rekstrarkostnaður núverandi almenningsalerna sé um 5,3 milljónir króna á ári fyrir hvert salerni. Um er að ræða sjálfvirka salernisturna með eitt salerni hver. Áætlaður stofnkostnaður fyrir hvert nýtt salerni er um 27,3 milljónir króna en rekstrarkostnaður á hvert nýtt salerni er áætlaður 2,3 milljónir króna á ári eftir það (Reykjavíkurborg, 2016). Tölur frá rekstraraðilum salerna á ferðamannastöðum sýna einnig að heildarkostnaður við rekstur salerna hleypur á milljónum króna á ári hverju. Í töflu 1 má sjá reynslutölur til viðmiðunar um rekstrarkostnað salerna á nokkrum gerðum ferðamannastaða en þeim er skipt í fjölsótta ferðamannastaði (fleiri en 100.000 gestir á ári) og minna sóttu ferðamannastaði (færri en 100.000 gestir á ári). Á bakvið þessar tölur er launakostnaður, kaup á hreinlætisvörum og aðföngum, tæming rotþróa og ferðakostnaður til og frá salernisaðstöðunni þar sem það á við.

Tafla 1: *Reynslutölur til viðmiðunar um rekstrarkostnað salerna á ferðamannastöðum. Fjölsóttir (>100.000 gestir) og minna sóttir (<100.000 gestir) ferðamannastaðir.*


| Ferðamanna- staður | Gerð salernis | Ferðatími fyrir starfsfólk að salernum | Hlutfall | Hlutfall | Kostnaður á hvern gest [krónur] | Kostnaður á salerni á mánuði [þús. krónur] |
|-----------------------|------------------|--|---|--|---------------------------------------|---|
| | | | ferðakostnaðar af heildar rekstrarkostnaði [%] | launakostnaðar við þrif af heildar rekstrarkostnaði [%] | | |
| Fjölsóttur | Vatnss. | 0 | - | 77 | 12 | 25-45 |
| Fjölsóttur | Vatnss. | <15 mín | 23 | 62 | 21 | 50 |
| Fjölsóttur | Þurrs. | 1 klst | 63 | 29 | 29 | 40 |
| Minna sóttur | Vatnss. | 0 | - | 90 | 19 | 45 |
| Minna sóttur | Vatnss. | 1 klst | 65 | 29 | 30 | 100 |

Tölurnar í töflu 1 eru eingöngu til viðmiðunar og til að gefa vísbendingu um stærðargráðu en kostnaðurinn getur verið mjög breytilegur milli staða eftir fjölda ferðamanna, fjarlægð í þjónustuaðila og rekstrarkostnaðs vatns- og rafmagnsveitu. Einnig hefur gæði aðstöðunnar og það þjónustustig sem veitt er töluverð áhrif á rekstrarkostnað salernisaðstöðu.

Tafla 1 sýnir þó glögg að launakostnaður við þrif og ferðakostnaður (þar sem það á við) er áberandi stærsti hluti heildar rekstrarkostnaðar. Einnig sést greinilega hvernig kostnaður hækkar þegar starfsfólk þarf að ferðast langar leiðir til að þjónusta salernin. Þá sýnir taflan hvernig fjölsóttir ferðamannastaðir njóta stærðarhagkvæmni þar sem kostnaður er lægri á hvern gest. Þar sem margir ferðamannastaðir eru eingöngu þjónustaðir yfir sumartímann, sér í lagi ferðamannastaðir fjarri byggð, þá er einnig sýndur meðalkostnaður á hvert salerni á mánuði. Kostnaður á salerni er þó mjög breytilegur og hækkar eftir því sem salerni á staðnum eru færri en að sama skapi lækkar hann ef þau

eru fleiri. Einnig er hagræði fólgið í því ef starfsfólk sem getur þjónustað salernisaðstöðuna er þegar til staðar og ekki þarf að ráða verktaka til verksins.

Að reka salernisaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum kallar á mannafla þar sem salernin þarf að þjónusta reglulega t.d. með þrifum á allt að klukkutíma fresti yfir daginn. Auk þess þarf að fylla á salernispappír, tæma rusl og sinna almennu viðhaldi á aðstöðunni og nærumhverfi. Við uppbyggingu salernisaðstöðu á ferðamannastöðum fjarri byggð getur kostnaður við vatns-, rafmagns- og fráveitu einnig lent á þeim aðila sem að byggir upp og rekur salernisaðstöðuna, en sá kostnaður getur hlaupið á milljónum króna. Hafa staðarhaldarar og uppbyggingaraðilar jafnan tekið rekstrarkostnað á sig og hér á Íslandi hefur í gegnum tíðina almennt ekki tíðkast að taka gjald fyrir afnot af salernisaðstöðu. Með auknum ferðamannastraumi og miklu álagi og kostnaði fyrir staðarhaldara verður það þó algengara að tekið sé gjald fyrir afnot af salernisaðstöðu. Er nú svo komið að til eru fyrirtæki sem sjá viðskiptataekifæri í að bjóða upp á og þjónusta salernisaðstöðu fyrir ferðamenn gegn gjaldi.



Mynd 1: Ástand salernismála á helstu ferðamannastöðum að degi til um sumar.

Í þessari skýrslu er fjallað um möguleg rekstrarform salernisaðstöðu. Mismunandi aðstæður geta kallað á mismunandi lausnir og því er engin ein lausn sem leysir allan vanda. Fjölsóttir ferðamannastaðir, þar sem margvísleg þjónusta fyrir ferðamenn getur átt sér stað eða er til staðar, bjóða upp á annað rekstrarform en litlir áningarstaðir þar sem takmarkaður þjónusturekstur getur staðið undir sér. Þá kalla mismunandi aðstæður á hverjum stað á mismunandi tæknilausnir svo sem vatnssalerni og þurrsalerni, grundvallarmunur er á rekstri vatnssalerna og þurrsalerna. Farið verður yfir kosti og galla mismunandi lausna á einfaldan hátt án þess þó að taka afstöðu með því hvaða leið eigi að fara.

3 Núverandi ástand og aðgerðir

3.1 Undanfarin ár

Salernisaðstaða á ferðamannastöðum hefur undanfarin ár verið á ábyrgð staðarhaldara, hvort sem það eru einkaaðilar, sveitarfélög eða opinberar stofnanir. Staðarhöldurum er hinsvegar í sjálfsvald sett hvort þeir bjóði upp á salernisaðstöðu þar sem þeim ber ekki skylda til þess. Engin heildstæð stýring hefur því verið til staðar um hvaða þjónusta á að vera í boði á þeim stöðum sem gera út á að laða til sín ferðamenn.

Uppbygging varanlegrar salernisaðstöðu getur verið kostnaðarsöm og lendir kostnaður oftast en ekki á staðarhöldurum. Uppbyggingaraðilar geta þó oftast sótt um styrk fyrir uppbyggingu salernisaðstöðu til Framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða. Sjóðurinn starfar eftir lögum nr. 75/2011 og í reglugerð 20/2016 sem fjallar um starfsreglur sjóðsins er skýrt tekið fram í 6. gr. að hvers konar rekstur og rekstrarkostnaður er ekki styrktarhæfur. Staðarhaldarar þurfa því sjálfir að kosta þrif, umhirðu, eftirlit og viðhald. Ekki er í úthlutunarreglum sjóðsins kveðið á um kröfur um opnunartíma eða aðgengi þar sem sjóðurinn veitir styrk til uppbyggingar á salernisaðstöðu.

Tafla 2: *Kostir og gallar þess kerfis sem verið hefur við lýði.*

| Gallar | Kostir |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none">– Enginn ábyrgðaraðili á salernisaðstöðu, aðilar benda á hvorn annan.– Landeigendur og lítill sveitarfélög hafa ekki fjármagn til að kosta uppbyggingu og rekstur.– Salernisaðstaða er helst þar sem fjöldi gesta er nógu mikill til að bera uppi ýmsa þjónustu tengda ferðamönnum, fámennari og afskekktari staðir verða útundan.– Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða fjármagnar uppbyggingu en ekki rekstur salerna, hentar þar af leiðandi betur ferðamannastöðum þar sem starfsfólk er nú þegar til staðar.– Þrátt fyrir að ferðamannastaðir með þjónustu séu að bjóða upp á almennings-salerni hafa tekjur af þjónustu ekki verið nægar til að standa undir rekstri almenningsalerna og á það sérstaklega við utan háannatíma ferðaþjónustunnar. | <ul style="list-style-type: none">– Kerfið treystir á einkaframtakið og lítill kostnaður lendir á ríkinu.– Kerfið gengur út á að þeir sem fá tekjur af ferðamönnunum á hverjum stað kosti salernisaðstöðuna. Það gengur þó alls ekki eftir því víða skilja ferðamenn mjög litla fjármuni eftir sig á ferðamannastöðum. |

3.2 Lög 20/2016

Í því ástandi sem myndast hefur á ferðamannastöðum undanfarin misseri hafa aðilar í ferðaþjónustu óskað eftir meiri þátttöku hins opinbera og að boðið verði upp á grunnþjónustu við helstu ferðamannastaði. Í apríl 2011 hélt Ferðamálastofa málþing um uppbyggingu og skipulag ferðamannastaða á Íslandi. Í samantekt vinnufundar sem haldin var á málþinginu kemur fram sú skoðun að „sveitarfélög þurfa að bera ábyrgð á að tryggja grunnþjónustu eins og salerni“ og sú krafa um að „sveitarfélög tryggi grunnþjónustu og beri ábyrgð (t.d. wc)“ (Ferðamálastofa, 2011).

Eins og staðan er í dag þá er enginn einn aðili sem ber ábyrgð á því að ferðamenn hafi aðgang að salernisaðstöðu hringinn um landið. Ný lög sem samþykkt voru vorið 2016 taka að hluta á þeim málum og auka aðkomu hins opinbera að uppbyggingu grunnþjónustu á ferðamannastöðum.

Lög 20/2016, lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, sem samþykkt voru á Alþingi þann 18. mars 2016 taka að einhverju leyti á rekstrarvanda salernisaðstöðu við ferðamannastaði. Ferðamannastaðir eru þar skilgreindir sem „skilgreindur staður sem hefur aðdráttarafli fyrir ferðamenn vegna náttúru hans eða sögu“ og ná lögin til ferðamannastaða jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna.

Samkvæmt þessum lögum mun ráðherra leggja fram á þriggja ára fresti stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum til næstu tólf ára. Innan þeirrar landsáætlunar verður svo þriggja ára verkefnaáætlun og falla ferðamannastaðir í eigu hins opinbera, þ.m.t. innan þjóðlendna, sjálfkrafa undir þessar áætlanir. Ferðamannastaður sem ekki er í eigu hins opinbera skal tilnefndur af því sveitarfélagi sem hann tilheyrir, sé vilji hjá sveitarfélaginu fyrir því að ferðamannastaðurinn falli undir fyrrnefndar áætlanir. Þó þarf að fá samþykki landeiganda og semja um vernd, uppbyggingu, viðhald og aðgengi ferðamanna. Ferðamannastaðir innan landsáætluninnar sem njóta greiðsluþátttöku úr ríkissjóði skulu vera opinir gjaldfrálsri umferð almennings en landeiganda er heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu. Hvort aðgengi að salernisaðstöðu falli undir frjálsa umferð eða veitta þjónustu verður að vera skýrt í samningum við landeigendur á hverjum ferðamannastað fyrir sig.


Í lögnum segir að „landsáætlunin tekur til verndaraðgerða, öryggismála, uppbyggingar, eftirlits, undirbúnings og reksturs staða, leiða og svæða og viðhalds innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum í landinu“. Ólíkt Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða er því í þessum lögum heimild til að fjármagna rekstur innviða og fellur rekstur á salernisaðstöðu undir þá skilgreiningu. Með þessum lögum er ríkið að koma til móts við kröfur ferðaþjónustuaðila um að taka þátt í rekstri á grunnþjónustu á ferðamannastöðum og tekur á óvissu um umsjón ferðamannastaða. Þó er ekkert í lögnum sem skyldar opinbera aðila til að bjóða upp á salernisaðstöðu heldur er það verkefnisstjórn skipuð af ráðherra sem að leggur til hvort og þá með hvaða hætti ríkið kemur að uppbyggingu og rekstri salernisaðstöðu á þeim ferðamannastöðum sem falla undir landsáætlunina. Einnig er ljóst að í þeim tilfellum þar sem ekki nást samningar við landeigendur mun ástandið ekki taka neinum breytingum.

Lög in voru samþykkt vorið 2016 og áhrifa þeirra gætir því enn um sinn ekki á ferðamannastöðum en tillaga til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 2017 skv. bráðabirgðaákvæði í lögnum.

3.3 Nýting innviða sem eru til staðar

Ein möguleg lausn er að nýta innviði sem eru nú þegar til staðar í landinu. Víða um land eru félagsheimili, skólar og önnur mannvirki sem oft á tíðum eru lítið notuð yfir sumartímann. Hugsanlega væri hægt að komast að samkomulagi við rekstraraðila þeirra mannvirkja um að hafa þau opin ferðamönnum yfir sumartímann svo hægt væri að nýta salernisaðstöðuna og mannvirkin sem þar eru þegar til staðar.

Auk skóla og félagsheimila eru söfn og setur um allt land þar sem salernisaðstöðu er að finna. Hjá Ferðamálastofu eru vel yfir 200 söfn og setur á skrá og á mynd 2 má sjá hvernig þau dreifast um landið (Ferðamálastofa, 2016).



Mynd 2: Söfn og setur á skrá hjá Ferðamálastofu, alls yfir 200 talsins. Tölustafir tákna fjölda safna og setra á sama stað. Mynd fengin af vef Ferðamálastofu.

Stór hluti safna og setra er í þéttbýli og mörg hver fjarri helstu stofnleiðum um landið. Þó er þónokkur fjöldi meðfram þjóðvegi 1 og innan helstu ferðamannasvæða landsins. Með því að fara í samstarf við þessa aðila væri hægt að bjóða upp á almenningssalerni mun víðar en nú er á Íslandi. Skólar og mörg félagsheimili eru í eigu sveitarfélaga og mörg þessara safna og setra eru á ábyrgð opinberra aðila og því í raun mögulega verið að treysta rekstrargrundvöll viðkomandi með því að bjóða þar einnig uppá almenningssalerni. Einnig gæti rekstur þar tengst annarri ferðaþjónustu innan þess svæðis.

Ekki má heldur líta framhjá þeirri miklu ferðaþjónustu sem er að finna víða um landið. Margir staðir þar bjóða uppá salernisaðstöðu í tengslum við sína þjónustu. Mögulega mætti skoða betur hvernig hægt er að ná samstarfi við þessa aðila um að bjóða almenningssalerni í tengslum við ferðaþjónustuna. Í Þýskalandi hafa veitingastaðir getað fengið styrk til að bjóða uppá almenningssalerni. Hefur þetta fyrirkomulag verið notað frá árinu 2001 undir heitinu *Die nette Toilette* (í. *Góð salerni*). Þetta fyrirkomuleg er núna við lýði í alls 210 borgum og bæjum þar sem veitingastaðir bjóða gestum og

gangandi upp á salernisaðstöðu á opnunartíma sínum en í staðinn fá þeir fjárhagslegan stuðning frá bæjaryfirvöldum (Studioo GmbH, 2016). Hvernig fjárhagslega stuðningnum er háttað í Þýskalandi fer eftir þjónustustigi á hverjum stað. Á Íslandi getur þetta verið einfalt útfærsluatriði, en hægt væri að veita fastan styrk fyrir hvert salerni sem boðið er upp á og hverja klukkustund sem að aðstaðan er opin gestum. Einnig væri hægt að veita styrk í samræmi við fjölda gesta sem nýta sér salernisaðstöðuna, það gæti t.d. verið fundið út með því að mæla vatnsnotkun eða láta gesti fara í gegnum talningarhlið. Þá væru kvaðir um þjónustu við salernin svo sem hreinlæti, hollustuhætti, þrif ofl.

Tafla 3: *Kostir og gallar þess að nýta innviði sem eru til staðar.*

| Gallar við nýtingu núverandi innviða: | Kostir við nýtingu núverandi innviða: |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> – Margir þessara staða eru ekki við helstu þjóðvegi eða ferðamannastaði, mögulegt er að ferðamenn og rútufyrirtæki fari ekki að leggja lykkju á leið sína til að komast á salerni. Líklegt að þetta virki bara þar sem aðstaðan er í næsta nágrenni við þjóðveg eða ferðamannastað. – Taka þarf ákvörðun um hvort það eigi að fara í samstarf við alla sem að bjóða sig fram eða takmarka fjölda innan hvers svæðis. Mögulega að fara útboðsleið þar sem sá sem býður best fær styrkinn. Einhverjir gætu orðið ósáttir ef farið er í samstarf við aðra en þá og umferðinni þannig beint frá þeim, sem þó gæti virkað sem hvati á viðkomandi að bjóða einnig upp á almenningssalerni en án stuðnings. – Það mun ennþá vera skortur á salernum á ferðamannastöðum þó nýting núverandi innviða létti á þörfinni annarsstaðar. | <ul style="list-style-type: none"> – Lítill stofnkostnaður, allir innviðir eins og húsnæði, salerni og bílastæði eru til staðar. – Á söfnum og setrum er starfsfólk nú þegar til staðar til að sinna salernum. – Á ferðaþjónustustöðum getur þjónusta styrkst frekar með almenningssalernum. – Söfn og setur geta átt von á auknum gestafjölda. – Ný þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn innan ákveðins svæðis getur myndast þegar boðið er upp á salernisaðstöðu og ferðamönnum og rútufyrirtækjum beint þangað. |

4 Vegasalerni við þjóðveg 1

Á Íslandi eru fá salerni meðfram þjóðvegi 1 sem ekki eru rekin af einkaaðilum og eru ótengd annari þjónustu. Líkt og með ferðamannastaði þá er enginn aðili sem ber ábyrgð á því að sjá til þess að ferðalangar hafi aðgang að salerni meðfram þjóðvegi 1. Af þeim sökum er oft langt á milli salerna og þau einungis aðgengileg á hefðbundnum opnunartíma verslana. Í rannsóknarverkefni EFLU verkfræðistofu sem styrkt var af Vegagerðinni og gefið út vorið 2016 er fjallað á ítarlegan hátt um salernisaðstöðu meðfram þjóðvegi 1 á Íslandi. Þar er umsjón áningarstaða og salerna borin saman við rekstrarform salernisaðstöðu meðfram þjóðvegum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi og Englandi. Niðurstöður þar eru að almennt er það vegagerð hvers ríkis fyrir sig sem ber ábyrgð á því að salerni standi ferðalöngum til boða meðfram helstu þjóðvegum með reglulegu millibili. Í Finnlandi er það þó á ábyrgð sveitarfélaga. Í flestum þessara landa er boðið upp á salernisaðstöðuna í samstarfi við einkaaðila eða þá að rekstur salernisaðstöðu og annarskonar þjónustu er boðinn út. eru þá ýmsar


kröfur sem rekstaraðilar þurfa að uppfylla, t.d. um fjölda salerna, fjarlægð milli salerna, opnunartíma, þrif, tæmingu rotþróa o.s.frv.

Ekki er hér tekin afstaða til þess hver eigi að bera ábyrgð á vegasalernum eða hvort þau eigi að vera þurr- eða vatnssalerni. Nánar má lesa um vegasalerni í skýrslu EFLU (EFLA, 2016c) sem aðgengileg er á vefsíðu Vegagerðarinnar.

5 Vatnssalerni eða þurrsalerni

Salerni á ferðamannastöðum og við þjóðveginn þurfa mörg hver að standa ein og sér og fjarri næstu byggð. Það kallar á aðrar tæknilausnir en almennt tíðkast og þá sérstaklega nú þegar Ísland er kynnt sem ferðamannastaður allan ársins hring. Vatnssalerni krefjast vatnsveitu og rafveitu, sem er víða ekki til staðar. Við slíkar aðstæður er erfitt og dýrt að tryggja virkni salerna yfir vetrartímamann en tryggja þarf vatnsrennsli og rafmagn allan ársins hring. Bora þarf eftir vatni og dælum og stýringum fylgir óhjákvæmilega viðhalds- og rekstrarkostnaður. Vatnssalernum fylgir einnig rotþró og siturbeð, og rotþrær þarf að tæma reglulega og þess hluta rekstrarkostnaðar þarf að taka tillit til. Í 2. áfangaskýrslu EFLU (EFLA, 2016b) var farið yfir kostnað við uppbyggingu á salernisaðstöðu og því sem hennir fylgir. Var þar fjallað um vatnssalerni enda eru það salernin sem fólk þekkir og gerir almennt kröfu um. Hefur reynsla EFLU sýnt að þáttur veitna (vatnsveita, rafveita og fráveita) sé um 20-40% af heildarkostnaði framkvæmdarinnar en því minna sem mannvirkið er því hærra verður hlutfallið.

Við þær aðstæður sem hér hefur verið lýst, salernisaðstaða fjarri byggð sem þarf að vera opin allt árið, gæti verið hentugast að notast við þurrsalerni. Í dag er hægt að útfæra þurrsalerni á snyrtilegan hátt og notast við nútíma útfærslur. Fram eru komnar tæknilausnir sem tryggja góða loftun og lágmarka lykt sem notandi finnur og búnaður aðskilur þvag og annan vökva frá föstu efni. Útlit salernanna svipar mjög til vatnssalerna og er ekkert í líkingu við hinn hefðbundna kamar sem notaður hefur verið í aldir né í líkingu við „gámasalerni“ úr plasti sem fólk sér á útihátíðum og öðrum viðburðum og er kannski það fyrsta sem því dettur í hug þegar það heyrir orðið þurrsalerni.



Mynd 3: Dæmi um útfærslu á þurrsalerni.

Seyra er „úrgangur“ þurrsalerna og safnast í rotþró eða safntank á hverjum stað. Því næst þarf annaðhvort að flytja seyrna í burtu og koma í fráveitukerfi eða að geyma hana á staðnum og jarðgera. Ekki eru margir móttökustaðir fyrir seyrna á Íslandi og víða langt á milli þeirra. Einnig er óhentugt og

óumhverfisvænt að keyra stóra tankbíla á viðkvæmum vegum á hálendi Íslands og innan þjóðgarða. Með því að notast við nýjar tæknilausnir þar sem vökvi er aðskilinn frá föstu efni og úrgangurinn látinn þorna minnkar umfang seyrunnar mjög mikið og er þá mun minna mál að flytja hana á brott. Ef ætlunin er að jarðgera seyruna gæti þurft að notast við einangruð moltulát á köldum svæðum. Að endingu þarf að finna landsvæði þar sem hægt er að nýta moltuna.

Þurrsalerni eiga því mjög vel við á mörgum ferðamannastöðum inn til landsins þar sem aðgengi að rennandi vatni er lítið og frost er á veturna. Annar kostur við þurrsalerni er að þar sem viðtaki fráveitu er viðkæmur fer ekki neinn úrgangur út í umhverfið heldur er hægt að safna honum saman og annaðhvort flytja á brott eða jarðgera á staðnum. Á stórum ferðamannastöðum, þar sem losun er meiri en sem nemur u.þ.b. 50 persónueiningum, ætti sveitarfélagið skv. fráveitulögum 9/2009 að safna skólpinu á kerfisbundinn hátt og hreinsa með ýtarlegri hætti en með rotþró áður en því er skilað aftur út í náttúruna. Slíkt væri mjög kostnaðarsamt fyrir lítil jafnt sem stór sveitarfélög og því mun ódýrara að vera með þurrsalernislausn þar sem úrganginum er safnað saman og fluttur í fráveitukerfi næsta bæjarfélags. Það er því tímabært að fara að skoða þurrsalernislausnir af mikilli alvöru og sem raunhæfan valkost á ferðamannastöðum, jafnt stórum sem smáum.

6 Samantekt og umfjöllun

Skortur á salernisaðstöðu á ferðamannastöðum um allt land er ekki eingöngu afleiðing mikils kostnaðar heldur einnig mikillar óvissu um hver ber ábyrgð á því að veita þá þjónustu og hvar hún skuli veitt. Fáir aðilar eru tilbúnir að taka á sig kostnaðinn sem fylgir því að reisa og reka almenningssalernisaðstöðu ef þeim ber ekki skylda til þess. Helst hefur salernisaðstaða verið byggð upp samhliða öðrum þjónusturekstri og starfsfólk því til staðar til að þjónusta salernin. Minni ferðamannastaðir, þar sem fjöldi ferðamanna er ekki nægur til að bera uppi þjónusturekstur, hafa því orðið útundan. Til að ráða bót á málum þarf að taka ákvarðanir sem fyrst um hvernig það eigi að háttá rekstri salernisaðstöðu á ferðamannastöðum svo tími gefist til að vinna að skipulagsmálum, hönnun og öðrum nauðsynlegum úrlausnatriðum. Lög 20/2016 taka að mörgu leyti á þessum málaflokki og eru mikið framfaraskref í uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu á Íslandi. Mikilvægt er að sátt náist um lands- og verkefnaáætlun og fjármagni sé veitt til þeirra verkefna sem þar eru lögð til.

Úttektir sem Stjórnstöð Ferðamála hefur látið Verkfræðistofuna EFLU vinna fyrir sig á árinu 2016 sýna glöggð að mikil þörf er á skjóttum úrbótum hvað varðar aðgengi ferðamanna að almenningssalernum við þjóðvegi landsins og við ferðamannastaði. Ljóst er að skipulagsmál og eignarhald skipta miklu máli varðandi hve hratt er hægt að grípa til aðgerða. Breytingar á skipulagi vegna uppbyggingar ferðaþjónustu þýðir um 6 mánaða ferli til að fylgja lögum og reglugerðum. Af þessum sökum er brýnt að fá niðurstöðu sem fyrst hvort breyta þurfi skipulagi þar sem þörf er á úrbótum.

Í því ástandi sem skapast hefur síðustu misseri hafa komið fram einkaaðilar sem sjá tækifæri í að þjónusta salerni fyrir staðarhaldara. Þessir aðilar leggja út fyrir öllum kostnaði, setja upp sjálfsafgreiðslusalerni og skipta síðan tekjunum í samráði við staðarhaldara. Þjóða þeir upp á færanlegar, en góðar og nútímavæddar, salernislausnir og allan tengdan rekstur eins og þrif, viðhald og umsjón gjaldtökubúnaðar. Líklegt er að þetta fyrirkomulag muni ryðja sér til rúms eftir því sem ferðamönnum heldur áfram að fjölga og eftirspurnin eftir salernum eykst í samræmi við þá fjölgun. Þessir „salernisverktakar“ munu að sama skapi getað starfað sama hvort það eru staðarhaldarar, ríki eða sveitarfélög sem bera ábyrgð á því að bjóða upp á salernisaðstöðu.

Í þessari skýrslu hefur á fljótlegan og einfaldan hátt verið fjallað um rekstur á salernisaðstöðu á ferðamannastöðum en algengt er að kostnaður við reksturinn sé á bilinu 40-50 þús. krónur á mánuði per salerni. Á mjög fjölsóttum ferðamannastöðum með mörg salerni getur kostnaðurinn verið lægri en að sama skapi hærrí á fámennari ferðamannastöðum. Vegalengd sem starfsfólk þarf að ferðast til að þjónusta aðstöðuna hefur einni töluverð áhrif á endanlegan kostnað. Lög 20/2016 munu koma til með að hafa töluverð áhrif á ferðamannastaði og helsta breytingin frá núverandi kerfi er að ef kominn er ábyrgðaraðili fyrir salernisaðstöðunni þá eyðir það mikið af óvissunni sem nú ríkir en að sama skapi fylgja mörg úrlausnarefni þeirri breytingu. Mikilvægt er að skilgreina vel salernisþörfina og horfa til framtíðar svo ekki sé einungis verið að tjalda til einnar nætur. Nokkrir möguleikar eru í stöðunni varðandi hvernig uppbyggingu salernisaðstöðu og rekstri hennar sé háttáð en mismunandi aðstæður á hverjum stað þýða að sama lausnin hentar ekki allsstaðar. Skoða þarf málin vel frá öllum hliðum til að ásættanleg niðurstaða náist.

7 Heimildir

EFLA. (2016a). *Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn - Staða salernismála á ferðamannastöðum*. Reykjavík: EFLA.

EFLA. (2016b). *Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn - Þarfagreining og kostnaðarmat*. Reykjavík: EFLA.

EFLA. (2016c). *Kortlagning þarfar á vegasalernum við hringveg Íslands*. Reykjavík: EFLA.

Ferðamálastofa. (2011). *Samantekt vinnufundar á málstofu um uppbyggingu og skipulag ferðamannastaða*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

Ferðamálastofa. (21. júní 2016). *Upplýsingabrunnur um ferðalög á Íslandi*. Sótt frá Ferðalag.is: <http://www.ferdalag.is/>

Lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 75/2011

Reglugerð um starfsreglur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna styrkveitinga.

Reykjavíkurborg. (2016). *Almenningssalerni í Reykjavík - Stefna og staða 2016*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.

Studioo GmbH. (21. júní 2016). *Gute Gründe für die nette Toilette*. Sótt frá Die nette Toilette: <http://www.die-nette-toilette.de/>